

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 12

Dags. 17.10.2013

Fundargerð
brunamálanefndar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps
17. október 2013.

Mættir voru: Arnór Benónýsson og Hólmgeir Hallgrímsson og slökkviliðsstjóri, Bjarni Höskuldsson. Þá sat fundinn Lárus Björnsson varaslökkviliðsstjóri.

Arnór setti fund kl. 17:00.

1. Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu mála frá síðasta fundi. Skýrt var frá starfsmannafundi sem haldinn var á haustmánuðum.

Lagt fram skipurit Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og var það samþykkt.

Þá í framhaldi af skipuriti lagður fram listi yfir stjórnendur í slökkviliðinu sem hlaut samþykki nefndarmanna.

Lögð fram og kynnt æfingaáætlun fyrir veturinn 2013-2014 sem einnig var samþykkt.

2. Rætt var um að teknar verði saman útkallskýrslur hjá BSB fyrir þetta ár og það síðasta. Slökkviliðsstjóri mun taka þær saman.

3. Undirbúningur undir fjárhagsáætlun. Rætt um helstu áherslur 2014.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.